

## LÖG

### **um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.**

###### 1. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, veiðimálastjóri, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.**

###### 2. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra í samráði við sjávarútvegsráðherra.

###### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*